



## FYRIRSPURN

---

### ***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:***

Flokkur fólksins spyr, hvað er mannréttindaráð að gera til að beita sér fyrir því að þessi börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á? Flokkur fólksins vill með þessari fyrirspurn vekja athygli mannréttindaráðs á þeim langa biðlista barna sem bíða eftir þjónustu fagaðila skóla. Börnin á biðlistanum eru nú 2012. Mannréttindaráð getur ekki litið fram hjá þessum biðlista. Sú langa bið og óvissa sem henni fylgir fara illa með börnin á biðlistanum og foreldra þeirra. Minnt er á hlutverk Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð sem er m.a. að láta sig mannréttindamál varða í fjölbreyttri mynd, það skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið hennar. Einnig er minnt á að Íslands hefur löggilt Barnasáttmálann en Reykjavíkurborg ekki. MSS22090066

Virðingarfyllt,  
Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*